

# ALLSHERJARHÚS RÉTTVÍSINNAR

Riðván 2010

Til bahá'ía um allan heim

Ástkæru vinir

Með hjörtun full aðdáunar á fylgjendum Bahá'u'lláh er það okkur gleðiefni nú þegar fagnaðarrík Riðvánhátíðin gengur í garð að geta skýrt frá því, að á öllum meginlöndum er tilskilinn fjöldi öflugra vaxtaráætlana í gangi sem þýðir að heimssamfélagið er komið yfir 1.500 markið og markmið fimm ára áætlunarinnar eru þar með tryggð einu ári áður en henni lýkur. Við lútum höfði í þakklæti til Guðs fyrir þetta undraverða afrek, þennan frækna sigur. Allir sem hafa starfað á þessum vettvangi kunna að meta þá hylli sem Hann hefur veitt samfélagi sínu með því að gefa því heilt ár til að styrkja mynstur útbreiðslu og treystingar sem nú er hvarvetna vel á veg komið til að undirbúa þau verkefni sem bíða þess í næsta hnattræna átaksverkefni – áætlun sem mun standa í fimm ár, hin fimmta í röðinni sem hefur það skýra markmið að efla hópinn gönguferlið.

Nú þegar við stöldrum við vegna þessa gleðilega tilefnis viljum við að það komi skýrt fram, að það sem vekur stolt og þakklæti í hjörtum okkar er ekki svo mjög sá tölulegi árangur sem þið hafið náð, jafn markverður sem hann þó er, heldur samspil þátta í þróun á dýpra menningarstigi sem þessi afrek eru til vitnis um. Helst ber þar að nefna aukna hæfni sem við höfum séð hjá vinunum þegar þeir ræða við aðra um andleg málefni og hve auðvelt þeim reynist að tala um Bahá'u'lláh sjálfan og opinberun Hans. Þeir hafa skilið vel þá staðreynd að kennsla er grundvallarnauðsyn í lífi sem einkennist af gjafmildi.

Í nýlegum skilaboðum höfum við lýst gleði okkar yfir því að verða vitni að stöðugt hraðari takti í kennslunni um allan heim. Þessi grunnskylda hins einstaka átrúanda hefur alltaf verið og verður ávallt ómissandi þáttur í bahá'í líferni. Fimmtán hundruð öflugar vaxtaráætlanir hafa sýnt hve hugrakkur og ákveðinn allur þorri átrúandanna er orðinn þegar þeir stíga út fyrir nánasta hring fjölskyldu og vina, reiðubúnir til að láta hönd Hins almiskunnnsama leiða sig til næmra sálna hvar sem þær er að finna. Jafnvel hógværa mat gefur til kynna að nú taki tugir þúsunda þátt í reglubundnum átaksverkefnum með það fyrir augum að stofna til vinskapar á grundvelli sameiginlegs skilnings við þá sem áður var litið á sem ókunnugt fólk.

Í viðleitni sinni til að kynna meginatriði trúarinnar á einfaldan og ótvíræðan hátt hafa átrúendurnir notið góðs af sýnidæmi í bók 6 Ruhi stofnunarinnar. Þar sem röksemdafærslan að baki kynningunni er metin að verðleikum og menn sigrast á hvötinni til að breyta henni í formúlu verður hún tilefni samræðna milli tveggja sálna – samræðna sem mótast af dýpt þess skilnings sem hefur náðst og eðli tengslanna sem hafa myndast. Að því marki sem samræður þróast frá því þær fyrst áttu sér stað og raunveruleg vinátta myndast getur bein kennsluviðleitni af þessu tagi orðið hvati til varanlegrar andlegrar umbreytingar. Hvort fyrstu samskiptin við þessa nýju vini leiða til þess að þeim sé boðið að skrá sig í bahá'í samfélagið eða taka þátt í einhverri starfsemi þess skiptir ekki meginmáli. Mikilvægara er að sérhverri sál finnist hún vera velkomin til að ganga til liðs við samfélagið, leggja fram sinn skerf til betra þjóðfélags og taka þannig fyrstu skrefin á vegi þjónustu við mannkynið, sem strax í upphafi eða síðar meir getur leitt til formlegrar skráningar.

Ekki ætti að vanmeta þýðingu þessarar þróunar. Þegar samfelld framkvæmdamynstur er fyrir hendi í hverju umdæmi fyrir sig þarf að beina athyglinni að víðari útfærslu þess í samvinnu við samverkamenn og kunningja, en á sama tíma þarf orkan að beinast að minni íbúahópum sem hver um sig ætti að verða miðpunktur mikillar starfsemi. Í borgarumdæmi gæti slík starfsemismiðja afmarkast af hverfinu eða næsta nágrenni; í strjálbýlu umdæmi gæti lítið þorp verið góður félagslegur vettvangur í þessu skyni. Þeir sem þjóna í þessu umhverfi, bæði íbúarnir sjálfir og kennarar í heimsókn, munu með réttu líta á starf sitt sem samfélagsuppbyggingu. Að setja merkimiða eins og „hús úr húsi“ (door to door) á kennsluviðleitni þeirra væri ekki réttnefni á ferli sem leitast við að auka hæfni íbúanna til að taka stjórn á sínum andlega, félagslega og vitsmunalega þroska, jafnvel þótt fyrstu samskiptin gætu falist í að koma á heimili fólks án þess að gera boð á undan sér. Starfsemin sem knýr þetta ferli og sem nýir vinir eru hvattir til að taka þátt í – fundir sem styrkja tilbeiðslu innan samfélagsins; kennsla sem nærir viðkvæm hjörtu og hugi barnanna; hópar sem verða farvegir fyrir svellandi orku unglínganna; námshringir sem eru öllum opnir og gera fólki af ýmsum bakgrunni kleift að þróast á jafnréttisgrundvelli og kanna áhrif kenninganna á sitt eigið líf og líf samfélagsins – slíkri starfsemi gæti vel þurft að halda uppi með aðstoð utan frá um tíma. Þess má hins vegar vænta að þátttakendum í þessum grunnþáttum muni brátt fjölga fyrir tilstilli mannauðs úr sjálfu hverfinu eða þorpinu – manna og kvenna sem væru þess óðfús að bæta efnislegar og andlegar aðstæður í umhverfi sínu. Hrynjandi samfélagslífs ætti smám saman að koma í ljós í samræmi við hæfni vaxandi kjarna einstaklinga sem eru helgaðir sýn Bahá'u'lláh á nýtt heimsskipulag.

Í þessu samhengi birtist móttækileikinn í vilja til að taka þátt í ferli þeirrar samfélagsuppbyggingar sem grunnþættirnir koma af stað. Í hverju umdæminu á fætur öðru þar sem öflug vaxtaráætlun er nú í gangi bíður vinanna á árinu sem fer í hönd það verkefni að kenna í einum eða fleiri móttækilegum

samfélagshópum. Þeir nota beinu aðferðina við að útskýra grundvallaratriði trúarinnar og finna þær sálir sem þróa af sér þá fjötra deyfðar og sinnuleysis sem þjóðfélagið leggur á þær og vinna saman í hverfum og þorpum með ferli sameiginlegrar umbreytingar að markmiði. Ef vinirnir halda þannig ótrauðir áfram í viðleitni sinni til að læra um leiðir og aðferðir til samfélagsuppbyggingar í litlum hópum erum við vissir um að stór skref verða stigin áleiðis að markmiðum allsherjarþátttöku.

Til að mæta þessari áskorun verða átrúendurnir og stofnanirnar sem þjóna þeim að styrkja þjálfunarferlið í umdæminu og fjölga umtalsvert innan marka þess þeim sem geta þjónað sem leiðbeinendur í námshringjum. Viðurkenna ætti að tækifærið sem nú stendur vinunum opið til að efla samfélagslíf í hverfum og þorpum, tækifæri sem einkennist af skýrum tilgangi, varð aðeins mögulegt með þróun sem á síðasta áratug skipti sköpum á því sviði bahá'í menningar sem snýr að fræðslu.

Þegar við í desember 1995 mæltumst til stofnunar þjálfunarstofnana um allan heim var sú aðferðafræði ríkjandi innan bahá'í samfélagsins að aðstoða einstaka átrúendur við að dýpa þekkingu sína á trúnni með því að halda öðru hvoru námskeið og kennslustundir sem stóðu mismunandi lengi og fjölluðu um ýmis efni. Þessi aðferðafræði hafði fullnægt vel þörfum vaxandi bahá'í heimssamfélags sem enn var lítið og snerist aðallega um landfræðilega útbreiðslu. Við gerðum það samt ljóst þá að nálgast þyrfti nám á ritningunum á annan hátt og stefna bæri að námi sem myndi senda mikinn fjölda inn á vettvang framkvæmda ef hópinn gönguferlinu ætti að miða marktækt áfram. Í þessu sambandi báðum við um að þjálfunarstofnanir veittu sívaxandi liðsafla átrúenda stöðuga aðstoð í þjónustu þeirra við málstaðinn með því að gangast fyrir námskeiðum sem myndu miðla þeirri þekkingu, innsæi og hæfni sem þörf er á til að framkvæma þau mörgu verkefni sem tengjast hraðari útbreiðslu og treystingu.

Að lesa rit trúarinnar og reyna að fá betri skilning á þýðingu hinnar stórfenglegu opinberunar Bahá'u'lláh er skylda sem sérhver fylgjandi Hans verður að rækja. Allir eru hvattir til að sökkva sér í úthaf opinberunar Hans og fá hlutdeild í þeim perlum viskunnar sem þar er að finna í samræmi við hæfni sína og hneigðir. Í þessu ljósi var sú þróun eðlileg að svæðisbundin fræðslunámskeið, vetrar- og sumarskólar og þó einkum skipulagðir atburðir þar sem einstakir átrúendur sem höfðu þekkingu á ritunum gátu deilt með öðrum skilningi sínum á ákveðnum málefnum, hafi orðið þýðingarmiklir þættir í bahá'í lífinu. Líkt og sú venja að lesa daglega er ómissandi hluti bahá'í auðkenna, þannig munu þessar námsaðferðir lifa áfram í samfélaginu. En skilningur á því hvað felst í opinberuninni, bæði hvað varðar einstaklingsvöxt og félagslegar framfarir, eykst margfalt þegar nám og þjónusta fer saman. Á vettvangi þjónustunnar reynir á þekkinguna, spurningar vakna þegar hafist er handa, og skilningur eykst stig af stigi. Í því fræðsluferfi sem nú hefur verið efnt til í hverju landinu á fætur öðru –

en meginþættir þess fela í sér námshringinn, leiðbeinandann og námsefni Ruhi stofnunarinnar – hefur bahá'í heimssamfélagið öðlast hæfni til að gera þúsundum, nei miljónum, kleift að lesa og nema ritningar í litlum hópum í þeim skýra tilgangi að gera bahá'í kenningarnar að veruleika og hefja starf trúarinnar upp á næsta stig sem er áframhaldandi útbreiðsla og treysting í stórum stíl.

Enginn skyldi vanmeta möguleikana sem þannig skapast. Öfl þjóðfélagsins í dag stuðla að óvirkni og aðgerðarleysi. Löngun til að láta hafa ofan af fyrir sér er ræktuð frá barnæsku af sífellt meiri atorku; upp vaxa kynslóðir sem eru fúsar að láta hvern þann leiða sig sem er nógu slyngur í að höfða til yfirborðskenndra tilfinninga. Jafnvel í mörgum menntakerfum er farið með nemendur eins og þeir séu hirslur hannaðar til að taka á móti upplýsingum. Það er gríðarlega þýðingarmikið afrek að bahá'í heiminum hafi tekist að þróa menningu sem hvetur til hugarfars, náms og verka þar sem allir telja sig ganga sameiginlega braut þjónustu – styðja hvern annan og sækja fram í sameiningu, með virðingu fyrir þekkingunni sem hver og einn hefur fram að færa á sérhverju gefnu andartaki og forðast þá tilhneigingu að skipta átrúendunum í hópa eins og óupplýsta og dýpkaða . Og í þessu felst ómótstæðilegur aflvaki.

Nauðsynlegt er að gæði fræðsluferlisins sem ræktuð eru á sviði námshringingsins aukist merkjanlega á árinu sem fer í hönd svo að möguleikar íbúanna á svæðinu til að skapa slíkan aflvaka verði að veruleika. Mikil ábyrgð fellur þeim í hlut sem hér eru í hlutverki leiðbeinenda. Þeirra bíður sú áskorun að skapa umhverfið sem menn sjá fyrir sér í námshringjunum – umhverfi sem stuðlar að andlegri eflingu einstaklinga sem munu líta á sig sem virka þátttakendur í sínu eigin námi og forgöngumenn sem leggja sig stöðugt fram við að beita þekkingu til að umbreyta einstaklingum og samfélagi. Ef þetta tekst ekki mun aflið sem nauðsynlegt er til að knýja umbreytinguna ekki skapast, hversu margir námshringir sem stofnaðir eru í umdæminu.

Ef starf leiðbeinandans beinist að því að ná sífellt betri árangri verður að minnast þess að frumábyrgðin fyrir þróun mannauðs á tilteknu svæði eða landi liggur hjá þjálfunarstofnuninni. Meðan stofnunin reynir að auka fjölda þátttakenda, verður stofnunin sem heild – allt frá stjórninni til umsjónarmanna á mismunandi sviðum og til leiðbeinenda í grasrótinni – að leggja jafn ríka áherslu á heildarvirkni kerfisins því þegar allt kemur til alls er stöðug aukning í magni háð aukningu í gæðum. Á umdæmissviði verður umsjónarmaðurinn að hafa bæði til að bera framtakssemi og praktíska reynslu í viðleitni sinni til að fylgja þeim eftir sem þjóna sem leiðbeinendur. Hann eða hún ætti að skipuleggja reglulega fundi fyrir þá til að hugleiða stöðu sína og stefnu. Viðburðir sem eru skipulagðir til að endurtaka nám í þáttum sem eru valdir úr efni frá stofnuninni geta stöku sinnum reynst hjálplegir ef þeir ala ekki á þörf fyrir stöðuga þjálfun. Hæfni leiðbeinanda þróast stig af stigi þegar einstaklingurinn gengur inn á vettvang þjónustu og aðstoðar aðra við að leggja sitt af mörkum í yfirstandandi röð

hnattvíðra áætlana með því að fara í gegnum námskeiðaröðina og framkvæma praktíska þætti hennar. Þegar menn og konur á ýmsum aldri halda áfram í námskeiðaröðinni og ljúka hverju námskeiði fyrir sig með aðstoð leiðbeinanda verða aðrir að vera tilbúnir til að fylgja þeim eftir í þjónustustarfi sem er í samræmi við styrkleika þeirra og áhugasvið – þetta á sérstaklega við um umsjónarmenn sem bera ábyrgð á barnakennslu, unglingshópum og námshringjum. Þessi þjónusta er meginforsenda þess að kerfið dafni og blómgi. Það ætti að vera áframhaldandi markmið kröftugs lærdóms í sérhverju landi næstu tólf mánuðina að tryggja að eðlilegur lífskraftur flæði í gegnum þetta kerfi.

Umhyggja fyrir andlegri menntun barna hefur lengi verið þáttur í menningu bahá'í samfélagsins og leitt til tvenns konar samhliða veruleika. Annars vegar var byggt á árangri bahá'ía í Íran sem einkenndist aðallega af hæfni til að bjóða uppá kerfisbundna kennslu af einu stigi á annað fyrir börn frá bahá'í fjölskyldum, yfirleitt í þeim tilgangi að veita uppvaxandi kynslóðum grundvallarþekkingu á sögu og kenningum trúarinnar. Í flestum heimshlutum hefur fjöldi þeirra sem hafa notið gagns af slíkri kennslu verið tiltölulega lítill. Hins vegar var reynsla sem kom í ljós á svæðum þar sem skráningar í stórum stíl áttu sér stað, bæði í þéttbýli og strjálbýli. Sú reynsla einkennist af víðtækara viðhorfi og náði til fleiri. En þótt börn frá alls konar heimilum væri full áhuga á bahá'í kennslu og velkomin í hana kom ýmislegt í veg fyrir að kennslustundir væru haldnar með tilskilinni reglu ár frá ári. Það gleður okkur mjög að sjá hvernig þessi tvískipting, afleiðing sögulegra kringumstæðna, er byrjuð að hverfa þegar vinirnir sem fengið hafa þjálfun á vegum þjálfunarstofnana hvarvetna bjóða upp á kerfisbundna kennslu sem er öllum opin.

Byrjun sem lofar svo góðu þarf nú að stórefla. Í öllum umdæmum þar sem öflug vaxtaráætlun er í gangi þarf að reyna að kerfisbinda enn frekar markmið andlegrar menntunar fyrir aukinn fjölda barna frá fjölskyldum af ýmsum bakgrunni – en þetta er forsenda samfélagsuppbyggingar sem eflist og sækir í sig veðrið í hverfum og þorpum. Þetta er verkefni sem gerir kröfur og útheimtir þolinmæði og samvinnu foreldra og stofnana. Ruhi stofnunin hefur þegar verið beðin um að greiða fyrir áætlunum um að ljúka við námskeið fyrir þjálfun barnakennara á ýmsum stigum, og tilsvarendi námsefni, sem mun hefjast með 5 eða 6 ára gömlum börnum og halda áfram til 10 eða 11 ára aldurs til þess að brúa það bil sem nú er milli þess námsefnis sem er fyrir hendi og námsbóka fyrir unglinga, eins og *Andi trúar* og væntanlegrar bókar sem ber nafnið *Máttur heilags anda*. Þessar bækur láta í té skýra bahá'í þætti í verkefninu fyrir þennan aldursþóp. Þegar þessi viðbótarnámskeið og námsefni eru tilbúin munu þjálfunarstofnanir í hverju landi geta undirbúið þá kennara og umsjónarmenn sem þörf er á til að fara af stað með námskeiðskjarna fyrir andlega menntun barna af einu stigi á annað. Í kringum þennan kjarna má skipuleggja aðra þætti. Á meðan ættu þjálfunarstofnanirnar að gera sitt besta til að leggja kennurum til

hæfilegt efni til kennslu fyrir börn á ýmsum aldri úr því námsefni sem fyrir hendi er eins og þörf krefur.

Alþjóðlega kennslumiðstöðin hefur áunnið sér ævarandi þakkir okkar fyrir þann nauðsynlega drifkraft sem hún lét í té til að tryggja að markmið fimm ára áætlunarinnar náðust svo fljótt. Í kraftinum sem hún léði þessu heimsvíða verkefni, hve vel hún fylgdist með framförum á hverju meginlandi og í nánu samstarfi hennar við álfuráðgjafana, sáum við bregða fyrir glampa af því gífurlega afli sem býr í stjórnskipulaginu. Nú þegar kennslumiðstöðin beinir athygli sinni af sama krafti að málum sem varða skilvirkni starfseminnar á umdæmissviði, mun hún án efa taka framkvæmd bahá'í barnakennslu til sérstakrar íhugunar. Við erum þess fullvissir að greining hennar á þeirri reynslu sem fengist hefur í fáeinum völdum umdæmum sem búa við margs konar félagslegan veruleika, muni á árinu sem fer í hönd, varpa ljósi á praktísk málefni sem gerir það kleift að koma á fót reglulegri kennslu fyrir börn á öllum aldri í hverfum og þorpum.

Hröð útbreiðsla verkefnis til andlegrar eflingar unglunga er enn eitt merkið um menningarlegar framfarir bahá'í samfélagsins. Meðan nútímastraumar og stefnur bregða upp mynd af þessum aldurshópi sem vandamáli, týndum í ólgusjó líkamlegra og tilfinningalegra umbreytinga, óvirka og sjálfhverfa, þá gengur bahá'í samfélagið – í nálgun sinni og málfari – í þveröfuga átt. Í staðinn sér það fórnfýsi í unglungunum, næma réttlætiskennd, mikla löngun til að fræðast um alheiminn og þrá til að stuðla að byggingu betri heims. Fjöldi frásagna þar sem unglingar í löndum um allan heim lýsa því sem á hugann leitar þegar þeir taka þátt í verkefninu bera vitni um gildi þessarar sýnar. Allt bendir til þess að verkefnið höfði til vaxandi vitundar þegar þeir rannsaka veruleika sem hjálpar þeim að greina uppbyggileg og eyðileggjandi öfl sem eru að verki í þjóðfélaginu, skilja áhrif þessara afla á hugsanir þeirra og gerðir, skerpa andlegan skilning, þroska og efla tjáningarhæfni og styrkja siðferðilega innviði sem munu koma þeim að gagni í lífinu. Á þessum aldri þegar brumandi vitsmunaleg, andleg og líkamleg öfl verða þeim tiltæk fá þeir í hendurnar verkfærin sem þeir þurfa á að halda til að berjast gegn öflunum sem vilja ræna þá sönnum einkennum sínum sem göfugar mannverur sem starfa til góðs fyrir alla.

Í meirihluta verkefnisins eru málefni rannsökuð frá bahá'í sjónarhorni en ekki í formi trúarlegrar kennslu. Þetta hefur opnað leiðir til að færa verkefnið út til unglunga við ýmsar ólíkar aðstæður. Í mörgum slíkum tilvikum fara þeir sem sjá um verkefnið fullir sjálfstrausts inn á vettvang samfélagslegrar starfsemi og þar bíða þeirra ýmsar spurningar og möguleikar sem skrifstofa efnahags- og félagslegrar þróunar í Landinu helga fylgir eftir og raðar inn í lærdómsferli sem er í gangi um allan heim. Nú þegar hefur sú þekking og reynsla sem fengist hefur orðið til þess að nokkur umdæmi víða um heim hafa hvert um sig öðlast hæfni til að vera með og viðhalda verkefninu fyrir meira en eitt þúsund unglunga. Til að hjálpa öðrum að þróast hratt í þessa átt er skrifstofan að setja upp kerfi

lærdómssetra á öllum meginlöndum með aðstoð sérþjálfaðs hóps átrúenda (handleiðara) en þetta kerfi verður hægt að nota til að sjá umsjónarmönnum frá mörgum tugum umdæma fyrir þjálfun. Þessir handleiðarar halda áfram að styðja umsjónarmenn eftir að þeir snúa aftur til umdæma sinna og gera þeim kleift að skapa andlegt umhverfi þar sem unglingaverkefnið getur fest sig í sessi.

Þótt framkvæmdamynstrið sé þegar ljóst mun frekari þekking áreiðanlega eflast á þessu sviði. Aðeins hæfni bahá'í samfélagsins getur takmarkað viðbrögðin við eftirspurn eftir unglingaverkefninu í skólum og meðal borgaralegra hópa. Umdæmin sem í dag eru miðpunktur öflugra vaxtaráætlana búa við margs konar kringumstæður, allt frá nokkrum dreifðum unglingahópum til þeirra þar sem fjöldi hópa er nógu mikill til að kalla eftir þjónustu dyggs umsjónarmanns, sem gæti notið áframhaldandi stuðnings frá lærdómssetri. Til að tryggja að þessi hæfni aukist alls staðar í þessum fjölbreyttu umdæmum köllum við eftir því að stofnuð verði 32 lærdómssetur, sem taka skulu til starfa í lok núverandi áætlunar og hvert þeirra þjóni um 20 umdæmum með umsjónarmönnum í fullu starfi. Í öllum öðrum slíkum umdæmum ætti það að vera forgangsmál á árinu sem fer í hönd að skapa hæfni til að bjóða upp á verkefnið og fjölga unglingahópum kerfisbundið.

\*

Próunin sem við höfum nefnt fram til þessa – aukin hæfni til að kenna trúna beint og hefja markvissa umræðu um andleg málefni við fólk úr öllum þjóðfélagsstéttum, ný og árangursrík nálgun sem tengir nám á ritningunum við framkvæmd, endurnýjun skuldbindingar til að veita börnum í hverfum og þorpum andlega menntun með reglubundnum hætti og aukin áhrif kennsluefnis sem innprentar unglingum tvenns konar siðferðislegan tilgang: að þróa meðfædda getu sína og leggja sitt af mörkum til að breyta samfélaginu – allt þetta styrkist mjög af enn annarri menningarþróun sem hefur víðtækar skírskotanir. Þessi þróun sameiginlegrar vitundar er merkjanleg í vaxandi notkun orðsins „að fylgja“ í samræðum vinanna. Þetta orð fær nýja merkingu þegar það er tekið inn í sameiginlegan orðaforða bahá'í samfélagsins. Það merkir mikilvæga styrkingu menningar þar sem lærdómur er aðferðafræðin, sem stuðlar að upplýstri þátttöku æ fleira fólks í sameiginlegri viðleitni til að beita kenningum Bahá'u'lláh á uppbyggingu guðlegrar siðmenningar sem Verndarinn segir að sé meginhlutverk trúarinnar. Slík nálgun er í mikilli mótsögn við andlega gjaldþrota og dauðvona aðferðir gamallar þjóðfélagsskipunar sem svo oft reynir að virkja mannlega orku með yfirdrottnun, græðgi, sektarkennd eða baktjaldamakki.

Í tengslum vinanna kemur þessi menningarþróun fram í gæðum samskiptanna þeirra á milli. Lærdómur sem aðferðafræði krefst þess að allir sýni auðmýkt. Þá gleymir maðurinn sjálfum sér, setur allt sitt traust á Guð, treystir á allsráðandi vald Hans og er fullviss um óbrigðula aðstoð Hans vitandi að Hann og

aðeins Hann getur breytt smáflugunni í örn, dropanum í takmarkalaust haf. Og í slíku ástandi starfa sálirnar stöðugt saman og fyllast frekar gleði yfir framförum og þjónustu annarra en sínum eigin verkum. Þannig beinast hugsanir þeirra ævinlega að því að aðstoða hverja aðra við ná sífellt hærra hæðum þjónustu við málstað Hans og svífa í heiði þekkingar Hans. Þetta er það sem við sjáum í núverandi starfsmynstri sem er að ljúkast upp um allan heim, undir umsjá ungra sem aldinna, nýgræðinganna og hinna gamalreyndu sem starfa hlið við hlið.

Þessi þróun menningar hefur ekki aðeins áhrif á tengsl milli einstaklinga – áhrifanna verður einnig vart í stjórnun málefna trúarinnar. Þar sem lærdómshugarfar er farið að einkenna starfshætti samfélagsins, hafa vissar hliðar ákvarðanatöku sem tengjast útbreiðslu og treystingu verið færðar í hendur almennra átrúenda, sem gerir það að verkum að skipulagning og framkvæmd tekur meira mið af raunverulegum aðstæðum. Umdæmissamkomur hafa verið skapaðar sem sérstakur vettvangur fyrir þá sem taka þátt í verkefnum á umdæmissviði til að koma saman öðru hvoru og taka ráð saman um stöðu mála í ljósi reynslu og leiðsagnar stofnananna og til að ákveða næstu skref. Þjálfunarstofnunin hefur opnað svipaðan vettvang í því skyni að þeir sem þjóna sem leiðbeinendur, barnakennarar og hvetjarar unglingahópa í umdæmi geti komið saman hver í sínu lagi og haft samráð um reynslu sína. Nátegt þessu grasrótarsamráðsferli er þjálfunarstofnunin og umdæmiskennslunefndin ásamt aðstoðarráðgjöfunum sem í samskiptum sínum skapa annað vettvang þar sem ákvarðanir varðandi vöxt eru teknar – í þessu tilviki á formlegri hátt. Starf þessa kerfis á umdæmissviði er sprottið af aðkallandi málefnum og sýnir mikilvæg einkenni bahá'í stjórnskipunar: Líkt og lífvera hefur hún innbyggða hæfni til að finna lausn á stöðugt flóknari starfsemi sem varða innviði og ferli, tengsl og verksvið þegar hún þróast undir leiðsögn Allsherjarhúss réttvísinnar.

Að stofnanir trúarinnar á öllum stigum – frá hinum svæðisbundnu til þjóðar- og álfuráða – ráði við þennan stöðugt flóknari veruleika af sífellt meiri skarpskyggni er nauðsyn og jafnframt tákni um stöðugan þroska þeirra. Tengsl sem þróast innan stjórnskipulagsins hafa gert það að verkum að andlegu svæðisráðin eru að nálgast nýtt stig hvað varðar ábyrgð þeirra á því að útbreiða orð Guðs, virkja krafta átrúendanna og móta umhverfi sem er andlega uppbyggilegt. Við höfum áður útskýrt að þroska andlegra ráða er ekki hægt að meta á grundvelli reglulegra funda þeirra eða skilvirkni starfseminnar einnar saman. Frekar ber að meta styrk þeirra að miklu leyti á lífsorku hins andlega og félagslega lífs samfélagsins sem það þjónar – vaxandi samfélags sem býður velkomið uppbyggilegt framlag þeirra sem eru formlega skráð í samfélagið jafnt sem þeirra sem ekki eru það. Það er ánægjulegt að sjá að núverandi nálgun, aðferðir og tæki eru að opna svæðisráðunum, jafnvel hinum nýmynduðu, leiðir til að uppfylla þessa ábyrgð þegar þau hefjast handa um að tryggja að þörfum fimm ára áætlunarinnar sé mætt á fullnægjandi hátt á svæðum þeirra. Rétt og eðlileg þátttaka ráðsins í áætluninni er að sönnu nauðsynleg öllum tilraunum til að ná til

stærri hópa – en það er í sjálfu sér forsendan fyrir að allir kraftar þess og hæfni geti komið í ljós.

Það er vaxandi styrkur andlegu þjóðarráðanna sem gerir þá þróun mögulega sem við munum örugglega sjá hjá andlegu svæðisráðunum á næstu árum. Hæfni þjóðarráðanna til að hugsa og framkvæma á stefnumótandi hátt hefur greinilega aukist, sérstaklega þegar þau hafa lært að greina samfélagsuppbyggingarferlið í grasrótinni á gleggri og skilvirkari hátt og veita því aðstoð, fjármagn, uppörvun og ástrika leiðsögn eins og þörf er á. Í löndum þar sem aðstæður krefjast þess hafa þau flutt nokkuð af ábyrgð sinni yfir til landshlutaráða, dreift þannig ábyrgðinni af vissum stjórnsýslustörfum, aukið hæfni stofnana í lögsögu þeirra og stuðlað að þróaðri samskiptum og víxlverkun. Það eru engar ýkjur að full þátttaka þjóðarráðanna hafði úrslitaáhrif á lokaátakið til að ná markmiðum yfirstandandi áætlunar og við vonumst til að sjá frekari þróun í þessa átt þegar þau í samráði við álfuráðgjafana gera stóráttak á þeim mikilvægu og hraðfleygu mánuðum sem fara í hönd til að undirbúa samfélög sín fyrir verkefni næstu fimm ára.

Það er engin spurning að þróun stofnunar álfuráðgjafanna er eitt af þýðingarmestu framfaraskrefum sem voru stigin í bahá'í stjórnskipulaginu á síðasta áratug. Sú stofnun hafði þegar náð framúrskarandi árangri þegar álfuráðgjafarnir og aðstoðarráðgjafarnir komu saman í janúar 2001 í Landinu helga á ráðstefnu í tilefni þess að Alþjóðlega kennslumiðstöðin fékk aðsetur til frambúðar á Karmelfjalli. Enginn efi er á því að orkan sem leystist úr læðingi við það tilefni hefur knúið stofnunina hratt áfram. Þau áhrif sem álfuráðgjafarnir og aðstoðarráðgjafar þeirra hafa haft á þróun áætlunarinnar sýnir að þeir hafa tekið sér sína réttu stöðu í framvarðarsveitinni á vettvangi kennslunnar. Við erum vissir um að á næstu árum munu stofnanir stjórnskipulagsins tengjast nánari samstarfsböndum þegar þær reyna, hver og ein í samræmi við vaxandi starfsemi sína og ábyrgð, að efla lærdómsferlið sem er orðinn áberandi þáttur í starfsemi samfélagsins – en slík efling er mest áriðandi í þeim umdæmum þar sem öflugar vaxtaráætlanir eru í gangi.

\*

Opinberun Bahá'u'lláh er mikilfengleg. Hún kallar á djúptækar breytingar ekki aðeins á sviði einstaklingsins heldur einnig í uppbyggingu þjóðfélagsins. „Er það ekki tilgangur sérhverrar opinberunar“, segir Hann sjálfur, „að koma til leiðar umbreytingu á allri eðlisgerð mannkynsins, umbreytingu sem birtast mun bæði hið ytra og hið innra og hafa áhrif á innra líf þess og ytri aðstæður?“ Það starf sem heldur áfram í öllum heimshornum í dag er síðasta stigið í áframhaldandi viðleitni bahá'ía til að skapa kjarna þeirrar dýrlegu siðmenningar sem er fólgin í kenningum Hans, en uppbygging slíkrar menningar er óendanlega flókið og risavaxið verkefni og það mun taka mannkynið áttakamiklar aldir að gera hana að

veruleika. Það er ekki hægt að stytta sér leið, engar forskriftir eru til. Aðeins þegar reynt er að fara eftir innsæi opinberunar Hans, að virkja vaxandi þekkingu mannkynsins, beita kenningum Hans á vitrænan hátt á líf mannkynsins og taka ráð saman um þær spurningar sem kunna að vakna mun nauðsynlegur lærdómur fást og hæfni þróast.

Í þessu langtímaferli hæfnisbyggingar hefur bahá'í samfélagið helgað nær einn og hálfan áratug því verkefni að kerfisbinda reynslu sína á kennsluvettvanginum. Það hefur lært að opna ákveðna starfsemi sífellt fleira fólki og halda útbreiðslu og treystingu gangandi. Allir eru velkomnir í hlýjan faðm samfélagsins og fá endurnærandi skerf af lífgefandi boðskap Bahá'u'lláh. Ekkert getur veitt meiri gleði en að sál sem þráir sannleikann finni athvarf í virki mástaðarins og fái styrk frá sameinandi afli sáttmálans. Samt getur sérhver mannvera og allir hópar einstaklinga hvort sem þeir tilheyra fylgjendum Hans eða ekki, fengið innblástur úr kenningum Hans og notið gagns af hverjum þeim gimsteini visku og þekkingar sem hjálpar þeim að takast á við áskoranir sem við blasa. Vissulega mun siðmenningin sem bíður mannkynsins ekki nást með viðleitni bahá'í samfélagsins eins saman. Margir hópar og samtök, innblásin þeim anda heimssamstöðu sem er óbein birting kenningar Bahá'u'lláh um meginreglu einingar mannkyns, munu leggja sitt af mörkum til þeirrar siðmenningar sem mun spretta úr ólgu og umróti nútíma þjóðfélags. Það ætti að vera öllum ljóst að hæfnin sem skapast í bahá'í samfélaginu í röð heimsviðra áætlana gerir það sífellt betur í stakk búið til að ljá aðstoð sína við margvíslegar og ólíkar víddir í uppbyggingu siðmenningar og opnar því ný svið lærdóms.

Í Riðvánboðunum 2008 gáfum við í skyn að þegar vinirnir halda áfram að starfa á umdæmissviði muni þeir sogast æ lengra inn í líf þjóðfélagsins og standa andspænis þeirri áskoranun að færa ferli kerfisbundins lærdóms sem þeir eru uppteknir af inn á víðari svið mannlegrar reynslu. Fjölpættur vefur samfélagslífs byrjar að myndast í sérhverju umdæmi þegar sameiginleg tilbeiðsla ásamt umræðum í nánú heimilisumhverfi samtinnast starfsemi sem veitir öllum íbúunum andlega menntun – fullorðnum, ungu fólki og börnum. Samfélagsvitund eykst á eðlilegan hátt til dæmis þegar líflegar samræður verða milli foreldra um væntingar barna sinna og unglingar taka frumkvæði að þjónustuverkefnum. Þegar mannauður í umdæmi er eitt sinn orðinn nægur og vaxtarmynstrið vel á veg komið geta, og verða, samskipti samfélagsins við þjóðfélagið að aukast. Á þessum þýðingarmiklu tímamótum í þróun áætlunarinnar þegar svo mörg umdæmi nálgast slíkt stig virðist rétt og eðlilegt að vinirnir hvarvetna fari að hugleiða eðli þess framlags sem vaxandi og þróttmikil samfélög þeirra munu leggja fram til efnislegra og andlegra framfara þjóðfélagsins. Í þessu samhengi reynist vel að beina huganum að tveimur tengdum og gagnkvæmum sviðum starfseminnar: þátttöku í félagslegum athöfnum og ríkjandi þjóðfélagsumræðu.

Á síðustu áratugum hefur bahá'í samfélagið öðlast mikla reynslu á þessum tveimur sviðum. Það eru auðvitað margir bahá'íar sem taka persónulega þátt í félagslegum athöfnum og almennt umræðu starfa sinna vegna. Fjöldi grasrótargreyfinga sem eru innblásnar af kenningum trúarinnar og starfa á svæðis- og þjóðarsviði vinna að þjóðfélags- og efnahagslegri þróun til gagns fyrir þjóðir sínar. Undirstofnanir andlegra þjóðarráða leggja sitt af mörkum á ýmsan hátt til að útbreiða hugmyndir sem stuðla að almennt velferð. Á alþjóðasviði vinna stofnanir eins og Skrifstofa alþjóðlega bahá'í samfélagsins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna svipað starf. Að því marki sem nauðsynlegt er og æskilegt munu vinirnir sem starfa í grasrótinni notfæra sér þessa reynslu og hæfni þegar þeir bregðast við áhyggjuefnum þjóðfélagsins í kringum þá.

Réttast er að skoða félagslegar athafnir eins og litróf sem spannar allt frá tiltölulega óformlegri viðleitni einstaklinga eða lítilla hópa vina í takmarkaðan tíma til flókinna og háþróaðra áætlana um efnahags- og félagslega þróun sem samtök, innblásin af bahá'í trúnni, takast á hendur. Hvað sem umfangi þeirra líður leitast allar félagslegar athafnir við að beita kenningum og meginreglum trúarinnar til úrbóta á einhverju sviði í félagslegu eða efnahagslegu lífi manna, hversu hógvær sem sú viðleitni kann að vera. Slík viðleitni einkennist því af yfirlýstu áformi þeirra að stuðla að efnislegri hagsæld og andlegri velferð íbúanna. Það er megináhersla bahá'í kenninga að sú heimsmenning sem blasir við á sjóndeildarhring mannkynsins verði að mótast af öfluglu samhengi milli efnislegra og andlegra þarfa lífsins. Ljóst er að þessi hugsjón felur í sér sterkar vísbendingar um eðli sérhverrar félagslegrar athafnar sem bahá'íar takast á hendur, hvert sem umfang hennar eða áhrif eru. Þótt aðstæður breytist frá einu landi til annars og hugsanlega frá einu umdæmi til annars, og kalli fram ýmiss konar viðleitni af hálfu vinanna, ættu allir að gera sér grein fyrir ákveðnum grundvallarhugmyndum. Ein þeirra er að þekking er kjarni félagslegrar tilvistar. Fáfræði sem ekki er reynt að vinna bug á er hörmulegasta mynd kúgunar; hún styrkir marga múra fordóma sem standa í vegi fyrir þeirri einingu mannkynsins sem í senn er markmið og starfsregla opinberunar Bahá'u'lláh. Aðgengi að þekkingu er réttur hvers manns og þátttaka í sköpun hennar, beitingu og útbreiðslu er ábyrgð sem allir verða að axla í því völduga verkefni að byggja upp farsæla heimssiðmenningu – hver og einn í samræmi við hæfileika sína og getu. Réttlæti krefst allsherjarþátttöku. Þótt félagslegar athafnir geti falist í að útvega vörur og þjónustu í einhverri mynd, ætti tilgangur þeirra fyrst og fremst að vera sá að skapa hæfni innan ákveðins íbúahóps til að taka þátt í að byggja betri heim. Breyting á þjóðfélagsgerðinni er ekki verkefni sem einn hópur framkvæmir til gagns fyrir einhvern annan. Umfang og flækjustig félagslegra athafna verður að vera í samræmi við mannauðinn sem er tiltækur í þorpínu eða hverfinu til að þær nái árangri. Best er því að viðleitnin hefjist með hógværum hætti og vaxi eðlilega eftir því sem hæfni íbúanna eykst. Hæfni rís auðvitað til nýrra hæða þegar forgöngumenn félagslegra breytinga læra að beita þáttum í opinberun Bahá'u'lláh og aðferðum vísinda með áhrifaríkari hætti á sinn eigin félagslega veruleika.

Þennan veruleika verða þeir að reyna að skilja og skynja í samræmi við kenningar Hans, sjá í náunga sínum ómetanlega gimsteina og viðurkenna áhrif hins tvíþætta ferlis sameiningar og upplausnar á hjörtu og huga jafnt sem þjóðfélagsgerðir.

Virk félagsleg athöfn verður til þess að efla þátttöku í umræðum þjóðfélagsins á sama hátt og skilningur sem fæst með þátttöku í ákveðnum umræðum getur hjálpað til að skýra hugmyndir sem móta félagslegar athafnir. Á umdæmissviði getur þátttaka í almennri umræðu jafnt falist í einfaldri athöfn eins og að kynna bahá'í hugmyndir í hversdagslegu samtali og formlegra starfi eins og að skrifa greinar og sækja fundi helgaða samfélagslegum málefnum – loftlagsbreytingum og umhverfi, stjórnsýslu og mannréttindum svo fátt eitt sé nefnt. Það felur einnig í sér merkingarbær samskipti við borgaralega hópa og svæðissamtök í þorpum og hverfum.

Í þessu sambandi teljum við nauðsynlegt að mæla varnaðarorð: Það er mikilvægt að allir viðurkenni að gildi þátttöku í félagslegum athöfnum og almennri umræðu má ekki meta á grundvelli getu til að fjölga skráningum og koma með nýja bahá'ía inn í samfélagið. Þótt viðleitni á þessum tveimur sviðum, umræðu og athafna, geti vel orðið til þess að það fjölgi í bahá'í samfélaginu er það ekki markmiðið. Einlægni í þessum efnum er knýjandi nauðsyn. Auk þess ætti að gæta þess að ýkja ekki bahá'í reynsluna eða draga ótilhlýðilega athygli að átaki sem er á byrjunarstigi, eins og kennsluverkefni til andlegar eflingar unglunga sem eðlilegast er að þróist með sínum eigin hraða. Lykilorðið í öllum tilvikum er auðmýkt. Þegar vinirnir láta í ljósi eldmóð og hrifningu á trúnni ættu þeir að varast að sýna yfirburðatilhneigingu sem vart er sæmandi í þeirra eigin hópi, hvað þá undir öðrum kringumstæðum.

Þegar við lýsum fyrir ykkur þessum nýju tækifærum sem nú opnast á umdæmissviði erum við ekki að biðja ykkur að breyta neinu varðandi núverandi stefnu ykkar. Né heldur ætti að ímynda sér að þessi tækifæri séu nýir valkostir á vettvangi þjónustu sem keppi við útbreiðslu og treystingarstarfið um takmörkuð fjárráð og orku samfélagsins. Á árinu sem fer í hönd ætti að halda áfram að styrkja þjálfunarferlið og það mynstur í starfseminni sem það skapar. Kennslan ætti að vera efst í huga sérhvers átrúanda. Ekki ætti að sækjast eftir frekari þátttöku í lífi þjóðfélagsins of snemma. Það mun koma eðlilega eftir því sem vinirnir í sérhverju umdæmi halda áfram að vinna samkvæmt áætluninni í ferli sem felur í sér framkvæmd, íhugun, samráð, öflun þekkingar og lærdóminum sem af því er dreginn. Þátttaka í lífi þjóðfélagsins mun eflast þegar hæfni samfélagsins til að hlúa að eigin vexti og viðhalda lífsorku hans eykst smám saman. Þessi þátttaka mun fara saman við viðleitnina til að efla og stækka samfélagið í þeim mæli sem hún nýtir þætti hugmyndarammans sem stýrir yfirstandandi röð heimsáætlana. Og hún mun stuðla að því að íbúarnir færast nær sýn Bahá'u'lláh á

friðsælli og farsælli heimssiðmenningu í þeim mæli sem þessir þættir eru notaðir á skapandi hátt á nýjum lærdómssviðum.

\*

Kæru vinir: Hversu oft lýsti ekki Meistarinn elskaði þeirri von sinni að hjörtu átrúendanna myndu flóa yfir af ást hver til annars, að þeir myndu ekki virða nein mörk aðskilnaðar heldur líta á allt mannkynið sem eina fjölskyldu. „Lítið ekki á neina sem framandi,“ er hvatning hans; „lítið heldur á alla menn sem vini, því að erfitt er að finna ást og einingu ef þér festið sjónir á framandleika.“ Öll sú þróun sem rakin er hér að ofan er, þegar öll kurl koma til grafar, ekki annað en allsherjarást sem fæst með valdi heilags anda. Er það ekki ást Guðs sem brennir allar blæjur framandleika og aðskilnaðar og bindur saman hjörtun í fullkominni einingu? Er það ekki ást Hans sem hvetur ykkur áfram á vettvangi þjónustu og gerir ykkur kleift að sjá í hverri sál hæfileikann til að þekkja Hann og tilbiðja? Eru þið ekki stálsett af þeirri vitneskju að Hann þoldi glaður þjáningafullt líf vegna ástar sinnar á mannkyninu? Lítið innan ykkar eigin raða, á kæra bahá'í bræður ykkar og systur í Íran. Eru þau ekki dæmi um hugrekki sprottið af ást á Guði og þrá til að þjóna Honum? Ber ekki hæfileiki þeirra til að hefja sig yfir grimmilegustu og bitrustu ofsóknir vitni um hæfileika milljóna og aftur milljóna af kúguðu fólki í heiminum til að rísa upp og taka afgerandi þátt til að byggja ríki Guðs á jörðu? Haldið áfram, óbuguð af sundrandi félagslegum öflum, og færið boðskap Bahá'u'lláh sálum sem bíða í sérhverju borgarhverfi, hverju sveitaborpi, í öllum heimshornum, laðið þær að samfélagi Hans, samfélagi Hins mesta nafns. Þið hverfið aldrei úr hugum okkur og bænum og við munum halda áfram að biðja Hinn almáttuga um að styrkja ykkur með undursamlegri náð sinni.

[undirritað: Allsherjarhús réttvísinnar]